

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna, sbr. umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar frá 14. júní 2013 þar að lútandi.

Nefndin tók þá ákvörðun að fjalla um tillöguna út frá málefnasviði sínu sem skilgreint er í 13. gr. laga um þingsköp, Alþingis nr. 55/1991. Umsögnin mun þar af leiðandi varða lið 3 er fjallar um hvernig gera megi eigendum yfirskuldsettra íbúða kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið sjálfst stendur ekki undir, lið 5 sem lýtur að flýtimeðferð dómstóla sem tengjast skuldavanda heimilanna og lið 10 er fjallar um skýrari heimildir til handa Hagstofu Íslands til öflunar upplýsinga. Nefndin gerir ráð fyrir því að mál sem tengjast af öðrum töluliðum þingsályktunartillögunnar og teljast neytendamál muni koma til umfjöllunar nefndarinnar þegar tillögur og útfærslur liggja fyrir.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að kannað verði hvernig gera megi eigendum yfirskuldsettra íbúða kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið sjálfst stendur ekki undir. Um verður að ræða tímabundna aðgerð sem á að miða að því að leysa vandan tengdan afleiðingum efnahagshrunsins. Í aðgerðaáætluninni kemur fram að tillögur um útfærslu eigi að liggja fyrir í september 2013. Nefndin ræddi þetta og áréttar í því sambandi að tillögur þessar munu verða skoðaðar nánar í nefndinni þegar þær liggja fyrir.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að lögfest verði flýtimeðferð dómsmála sem tengjast skuldavanda heimilanna og varða ágreining um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu. Þann 11. júní mælti innanríkisráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (flýtimeðferð). Var frumvarpinu vísað til allsherjar- og menntamálanefndar. Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar og var frestur til að skila umsögnum til 19. júní. Umsagnir hafa borist frá Alþýðusambandi Íslands, dómstólaráði, Fjármálaeftirlitinu, Hagsmunasamtökum heimilana, Lögmannafélagi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, umboðsmanni skuldara og Viðskiptaráði Íslands. Nefndin hefur haldið þrjá fundi um frumvarpið og fengið á sinn fund fulltrúa frá innanríkisráðuneytinu, fulltrúa réttarfarsnefndar, umboðsmann skuldara og formann dómstólaráðs. Nefndarálit verður afgreitt frá nefndinni 20. júní og sent til 2. umræðu.

Í þingsályktunartillögunni er mælt fyrir um að Hagstofa Íslands fái skýrari heimildir til að afla upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Þann 18. júní mælti fjármála- og efnahagsráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, með síðari breytingum (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja). Var frumvarpinu vísað til allsherjar- og menntamálanefndar. Frumvarpið er í efnislegri meðferð í nefndinni en afstaða nefndarinnar mun birtast í nefndaráliti um leið og nefndin lýkur umfjöllun um málið. Nefndin ræddi um ýmis atriði sem ekki eru nefnd í þingsályktunartillögunni en þyrftu að koma til skoðunar og leggur til að álítaefnum varðandi lánsveð og ábyrgðarmenn verði fundinn staður í þeirri vinnu sem mun fara fram á grundvelli þingsályktunartillögunnar. Jafnframt verði skoðað hvort bregðast eigi við forsendubresti vegna verðbólgu og verðtryggingar hjá öðrum hópum en húseigendum, svo sem vegna námslána, verðtryggðrar leigu leigjenda og búseturéttarhafa.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að Alþingi fái að fylgjast með framgangi vinnu þeirra starfshópa sem tilgreindir eru og að aðkoma bæði stjórnar- og stjórnarandstöðu að málum verði tryggð.

Alþingi, 20. júní 2013.

Unnur Brá Konráðsdóttir.

Páll Valur Björnsson.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Elsa Lára Arnardóttir.

Guðbjartur Hannesson.

Helgi Hrafn Gunnarsson.

Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Svandís Svavarsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.